

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. janúar 2020 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-48/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. júlí 2019 bað X hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla og krefst þess að seljandi greiði viðgerðarkostnað að fullu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 24. júlí 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild og nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 17. janúar 2020, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni XX-000, af gerðinni Ford Kuga Titanium, árgerð 2015, af seljanda þann 14. nóvember 2017 fyrir 2.690.000 krónur. Bifreiðinni hafði verið ekið 82.000 km á kaupdegi. Í maí 2019, tæplega tveimur árum eftir kaupin, bilaði bifreiðin. Við skoðun á verkstæði kom í ljós að vatnsdæla bifreiðarinnar var ónýtt og hafði leki frá vatnsdælunni einnig smitast yfir á tímareimina. Varð því að skipta um vatnsdælu og tímareim í bifreiðinni, sem var þá fjögurra ára og hafði verið ekið 112.654 km.

Seljandi bauðst til að veita 10% afslátt af vinnu og 15% afslátt af efniskostnaði vegna viðgerðarinnar. Þá tók framleiðandi bifreiðarinnar þátt í viðgerðarkostnaði og greiddi 40% af heildakostnaði. Álitsbeiðandi greiddi sjálfur 99.282 krónur.

Álitsbeiðandi telur að seljanda hafi borið að greiða fyrir viðgerðina að fullu þar sem endingartími vatnsdælu eigi að vera mun lengri en raun varð. Var vatnsdælan haldin galla við kaupin að mati álitsbeiðanda sem olli einnig skemmdum á tímareim bifreiðarinnar. Álitsbeiðandi krefst endurgreiðslu viðgerðarkostnaðar að fjárhæð 99.282 krónur.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 af seljanda þann 14. nóvember 2017. Um tveimur árum eftir kaupin, þegar bifreiðin var fjögurra ára gömul, bilaði vatnsdæla bifreiðarinnar og olli hún skemmdum á tímareim bifreiðarinnar. Varð því að skipta um vatnsdælu og tímareim í bifreiðinni sem hafði þá verið ekið 112.654 km. Seljandi veitti 10% afslátt af vinnu og 15% afslátt af efniskostnaði vegna viðgerðarinnar. Þá tók framleiðandi bifreiðarinnar þátt í viðgerðarkostnaði og greiddi 53.377 krónur samkvæmt fyrirleggjandi

reikningi. Álitsbeiðandi greiddi sjálfur 99.282 krónur. Álitsbeiðandi telur að vatnsdæla bifreiðarinnar hafi verið haldin galla og krefst þess að seljanda verði gert að endurgreiða sér útlagðan viðgerðarkostnað að fjárhæð 99.282 krónur.

Kærufndin álitur að 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) eigi við í málinu, en í ákvæðinu er fjallað um fresti neytenda til að bera fyrir sig galla. Þar segir:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“

Sem fyrr segir kvartaði álitsbeiðandi undan galla við seljanda um tveimur árum eftir kaupin þegar bifreiðin var fjögurra ára gömul. Íhlutum bifreiða er ætlaður mislangur endingartími, sumir íhlutir bifreiða slitna við notkun og þá þarf að endurnýja reglulega með eðlilegu viðhaldi. Ýmsir umhverfisþættir og almenn umhirða geta haft áhrif á endingu slíkra íhluta en kvörtunarfrestur vegna galla er í þeim tilfellum að hámarki tvö ár. Hins vegar er hægt að vænta þess að aðrir íhlutir endist mun lengur. Í þeim tilfellum er kvörtunarfrestur fimm ár í samræmi við framangreint ákvæði.

Kærufndin álitur að vatnsdælur bifreiða séu almennt ekki slithlutir og því ætti ending þeirra að vera lengri en gerist um söluhluti. Hefur álitsbeiðandi að áliti nefndarinnar borið fyrir sig mögulegan galla á bifreiðinni innan þess tímafrest sem kveðið er á um í 2. mgr. 27. gr. nkpl. Liggur því næst að meta hvort um galla sé að ræða í skilningi nkpl.

Í 15. gr. nkpl. er fjallað um hvaða eiginleika söluhlutur á að hafa. Í a-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b-lið 2. mgr. segir svo að söluhluturinn skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. laganna kemur fram að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Kærufndin álitur að ending vatnsdælnunnar í bifreið álitsbeiðanda hafi verið skemmri en álitsbeiðandi mátti vænta við kaupin. Verður ekki annað séð en að bilunin verði rakin til undirliggjandi galla sem hafði í för með sér skemmri endingartíma en krefjast má af vatnsdælum bifreiða. Ekkert liggur fyrir í málinu sem gefur til kynna að álitsbeiðandi geti borið ábyrgð á biluninni eða að þar hafi utanaðkomandi þættir haft áhrif. Að mati kærufndarinnar var bifreiðin því haldin galla í skilningi b-liðar 2. mgr. 15. gr. nkpl., sbr. a-liður 1. mgr. 16. gr. laganna við kaupin

Í samræmi við kröfu álitsbeiðanda álitur kærufndin að seljanda hafi borið að bæta úr galla á bifreiðinni og afleiðingum hans á eigin kostnað, sbr. 29. og 30. gr. nkpl. Seljanda ber því að endurgreiða álitsbeiðanda útlagðan viðgerðarkostnað að fjárhæð 99.282 krónur.

V

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að endurgreiða álitsbeiðanda, X, útlagðan viðgerðarkostnað að fjárhæð 99.282 krónur.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson